

**Fundargerð 140. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 13:00-14:30
Fundurinn er fjarfundur.**

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Maj-Britt Hjördís Briem.

Gestur: Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Forgangssvið nýsköpunar- og þróunarverkefna 2025 - Tillögur (fskj 02. Drög að forgangssviðum 2025)

Afgreiðsla: Eftirfarandi forgangssvið voru samþykkt:

Græn umskipti

Svæðisbundin fræðsla eða þjálfun til að auka skilning á sjálfbærni sem leiði til grænna og réttláttra umskipta, í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög.

Gervigreind

Ritun námskrár þar sem innleiðing gervigreindar á vinnumarkaði verður hluti af fræðslu til starfsfólks og eykur tæknilæsi og inngildandi aðferðir til að mæta breytingum í starfsumhverfi.

Starfspjálfi

Ritun námskrár fyrir starfspjálfa, til þess að þjálfar einstaklinga sem taka að sér að leiðbeina starfsfólki á vinnustað. Til dæmis með inngildingu, í sérhæfðum starfstengdum orðaforða og fleira.

Samfella milli stoða menntakerfisins

Þróa starfstengdar námskrár /námsbrautir fyrir fullorðna einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn sem vilja ljúka námi í framhaldsskóla. Gerð er krafa um samstarf framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og atvinnulífs, með það að markmiði að samfella sé milli stoða menntakerfa, með námslok á þrepi 2 eða 3 miðað við íslenska hæfnirammann um menntun.

a. Auglýsing - Hvar mbl.is, visir.is, Facebook

Afgreiðsla: Samþykkt að í stað þess að auglýsa á rafrænum fréttavef, verði lögð áhersla á að nota Facebook og miðla til hópa sem tengjast skóla- og fræðslumálum, með áherslu á fullorðins- og framhaldsfræðslu og framhaldsskólana. Ákveðið að óska einnig eftir birtingu á vef mennta- og barnamálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands.

3. Færni á vinnumarkaði-helstu niðurstöður tilraunakennslu - Kynning Betty

Hildur Betty fór yfir framkvæmd tilraunaverkefnisins Færni á vinnumarkaði og þann árangur sem þar náðist. Mikil ánægja er með árangurinn og eru yfir 40 þátttakendur þegar komnir með vinnu í kjölfarið.

4. Sjúkraliðabraut - fjölgun áfanga til raunfærnimats. Niðurstöður - Kynning Haukur

Afgreiðsla: Frestað

5. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið